



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings-
og dreifingaraðilar raforku

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/495
komudagur 14.11.2012

14. nóvember 2012

Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, með síðari breytingum, 3. mál

Frumvarpið mælir annars vegar fyrir um breytingar á lögnum sem myndu einfalda leyfisveitingar til rannsókna á hugsanlegum orkunýtingarsvæðum sem raðað hefði verið í biðflokk eða ekki verið tekin umfjöllunar í verkefnisstjórn, og heimila flokkun kosta á svæðum sem hlotið hafa einhvers konar friðlýsingu. Þarna er um að ræða afar mikilvægar breytingar enda núgildandi lagarammi allt of þröngur hvað varðar slíkar rannsóknarheimildir varðandi t.d. orkukosti í biðflokki. Á meðan ekki er heimilt að stunda nauðsynlegar rannsóknir verður aldrei hægt að færa tiltekna orkukosti úr biðflokki, þar sem þeim hefur þá verið raðað í ljósi skorts á upplýsingum. Þá var útilokun allra svæða sem hlotið hefðu einhvers konar friðlýsingu (nema sérstaklega væri tekið fram að orkurannsóknir væru heimilaðar) eftirábreyting á starfi verkefnisstjórnar sem fullkomlega eðlilegt er að dregin verði til baka, enda afar misjafnar forsendur fyrir slíkum friðlýsingum.

Hins vegar mælir frumvarpið fyrir um að verkefnisstjórn verði kölluð saman á ný og henni falið að flokka orkukosti í nýtingar-, bið- og verndarflokka sem skili tillögum sínum til ráðherra fyrir áramót. Ráðherra muni síðan ávallt leggja flokkun verkefnisstjórnar óbreytta fyrir Alþingi í formi þingsályktunar. Samorka hefur lagt áherslu á að faglegum tillögum verkefnisstjórnar verði fylgt í hvívetna, þótt samtökin hafi ekki beinlínis lagt til að verkefnisstjórninni verði falin umrædd flokkun. Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi, þar sem fyrir liggur önnur tillaga til þingsályktunar (89. mál) þar sem mjög mikið hefur verið vikið frá niðurstöðum faglegrar vinnu verkefnisstjórnar telur Samorka þessa breytingu vera mjög mikið til hins betra, þótt önnur hugsanleg leið hefði verið að þingið tæki einfaldlega ákvörðun um það hvar draga bæri línurnar milli flokka, úr endanlegri röðun verkefnisstjórnar (tafla 7.2 í skýrslu hennar). Aldrei getur orðið sátt um þá leið sem lögð er til í 89. þingmáli.

Samorka styður því að frumvarpið verði samþykkt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri